

## Hagnaður fyrir afskriftir, leigugjöld og fjármagnsliði er 1.581 millj. kr. og hagnaður ársins er 860,9 millj. kr.

Hagnaður N1 hf. árið 2007 fyrir afskriftir, leigugjöld og fjármagnsliði nam 1.581 milljón króna á móti 1.981 milljón árið 2006. Hagnaður ársins nam 861 milljónum króna á móti -6.810 milljónum árið 2006.

Veltufé frá rekstri nam 1.386 millj. kr. en var 748 millj. kr. fyrir sama tímabil á fyrra ári. Í lok desember 2007 var eiginfjárlutfall félagsins 26,7%.

### N1 hf. lykilstærðir (þús. kr.)

#### Rekstrarreikningur

	2007	2006	2005	2004
Sala.....	29.484.969	23.473.537	19.704.570	17.344.156
Kostnaðarverð seldra vara.....	( 22.510.171)	( 18.250.216)	( 15.244.517)	( 12.861.657)
Álagning af vörusölu.....	6.974.798	5.223.321	4.460.053	4.482.499
Rekstrargjöld án afskrifta og leigugjalda.....	( 5.393.538)	( 3.242.257)	( 2.865.522)	( 3.019.496)
Afskriftir og leigugjöld.....	( 738.803)	( 1.021.195)	( 909.695)	( 860.428)
Rekstrarhagnaður.....	842.457	959.869	684.836	602.575
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld).....	120.118	( 709.919)	334.284	221.813
Hagnaður (tap) fyrir skatta.....	962.575	249.950	1.019.120	824.388
Reiknaðir skattar.....	( 101.682)	( 60.060)	( 135.765)	( 152.365)
Hagnaður (tap) fyrir aðra liði.....	860.893	189.890	883.355	672.023
Niðurfærsla viðskiptavildar.....		( 7.000.000)		
Hagnaður (tap) ársins.....	860.893	( 6.810.110)	883.355	672.023

#### Efnahagsreikningur

	31.12.2007	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2004
Eignir				
Fastafjármunir.....	7.974.565	5.560.839	3.873.559	4.335.567
Veltufjármunir.....	12.088.107	9.552.756	5.813.778	5.196.104
Eignir alls.....	20.062.672	15.113.595	9.687.337	9.531.671
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé.....	5.354.996	( 302.223)	3.689.343	3.440.168
Skuldbindingar.....	226.770	114.671	199.765	94.780
Langtímaskuldir.....	5.521.160	7.065.560	1.323.125	1.910.108
Skammtímaskuldir.....	8.959.746	8.235.587	4.475.104	4.086.615
Eigið fé og skuldir.....	20.062.672	15.113.595	9.687.337	9.531.671
Eiginfjárlutfall.....	26,7%	(2,0%)	31,7%	29,9%
Veltufjárlutfall.....	1,3	1,2	1,3	1,3

#### Sjóðstreymi

	2007	2006	2005	2004
Veltufé frá rekstri.....	1.386.147	747.909	1.213.747	744.915
Handbært fé frá rekstri.....	724.867	1.117.222	1.278.398	576.789
Fjárfestingarhreyfingar.....	( 530.900)	360.204	( 109.037)	122.275
Fjármögnunargreyfingar.....	700.669	( 100.854)	( 1.331.473)	( 620.070)
Breyting á handbæru fé.....	894.636	1.376.572	( 162.112)	78.994

## Ársreikningur N1 hf árið 2007

Ársreikningur N1 hf. fyrir árið 2007 hefur verið staðfestur af stjórn félagsins og forstjóra. Ársreikningurinn er byggður á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis við nýjar reikningsskilareglur.

Í ársbyrjun 2007 sameinuðust Olíufélagið ehf. og Bílanaust hf. og tengd félög undir merkjum N1 hf.

### Rekstur

Rekstrartekjur félagsins nema 29.485 millj. kr. samanborið við 23.474 millj. kr. árið 2006. Hagnaður fyrir afskriftir og leigugjöld nemur 1.581 millj. kr. og er 400 millj. kr. lægri en árið 2006. Rekstrarhagnaður ársins nam 842,5 milljónum kr á móti 960 milljónum kr. árið 2006. Fjármagnsliðir eru jákvæðir um 120 millj. kr. árið 2007 en voru neikvæðir um 710 millj. kr árið 2006.

### Eignir

Bókfært verð eigna félagsins í lok árs 2007 nam 20.062 millj. kr. samanborið við 15.114 millj. kr. í árslok 2006. Fastafjármunir hækka um 2.414 millj. kr. á árinu og nema 7.975 millj. kr. lok þess. Veltufjármunir aukast um 2.535 millj. kr. á árinu og nema 12.088 millj. kr. í lok þess.

### Eigið fé

Eigið fé þann 31. desember 2007 nam 5.355 millj. kr. samanborið við -302 millj. kr. 31. desember 2006. Þess ber að geta að viðskiptavild félagsins er færð niður um 7.000 millj. kr. og er tilkomin vegna upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla, sbr skýringu í ársreikningu.

### Skuldir

Í lok ársins námu heildarskuldir og skuldbindingar 14.708 millj. kr. og þar af námu langtímaskuldir 5.521 millj. kr.

### Staða og horfur

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði í samræmi við rekstraráætlanir árið 2008 ef ekki koma til neinar meiriháttar breytinga á ytri aðstæðum.

Nánari upplýsingar veita Hermann Guðmundsson forstjóri og Elías Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 440 1000